

Stefna í heimanámi

Meginþorri náms og kennslu fer fram innan veggja skólans og eru á ábyrgð starfsfólks skólans. Mikilvægt er fyrir nemandann að gott samstarf sé milli heimilis og skóla. Grunnáherslan í heimanámi er lestrarþjálfun og þjálfun í margföldunartöflum en eftir tilvikum er sett fyrir aukið heimanám sér í lagi ef ekki næst að klára það sem vinna átti í skóla. Það er gott að foreldrar ræði við börn sín um hvað sé verið að læra í skólanum því upprifjun og endursögn festa nýja þekkingu og hæfni í sessi. Sæki foreldrar um leyfi fyrir börn sín frá skóla færist ábyrgð á náminu frá skólanum yfir á foreldrana.

Foreldrar skulu eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Það er skylda foreldra að veita grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásaðtt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna.

ADALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Hlutverk

Kennarar	Nemendur	Foreldrar/forráðamenn
<ul style="list-style-type: none"> Ákveða heimanámið Hafa skýrar verkefnalýsingar Veita endurgjöf 	<ul style="list-style-type: none"> Vinna heimavinnuna Taka ábyrgð Skipuleggja vinnuna sína 	<ul style="list-style-type: none"> Hlusta á lestur Fylgja eftir að heimanámið sé unnið Aðstoða ef þörf krefur

Fyrirkomulag

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
<ul style="list-style-type: none"> Lestur þjálfaður 5-7x í viku Önnur verkefni eftir þörfum Margföldunartöflur eru þjálfaðar í 3. og 4. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> Lestur þjálfaður 5x í viku Margföldunartöflur þjálfaðar Í mörgum námsgreinum eru verkefni unnin heima sem tengja saman skólaverkefni og veruleika nemenda Í flestum námsgreinum hafa nemendur kost á að taka námsefni með heim Ef nemendur dragast aftur úr er námsefni sent heim og tölvupóstur sendur á foreldra sé þess þörf 	<ul style="list-style-type: none"> Lestur þjálfaður 5x í viku Margföldunartöflur þjálfaðar Í mörgum námsgreinum eru verkefni unnin heima sem tengja saman skólaverkefni og veruleika nemenda Í flestum námsgreinum hafa nemendur kost á að taka námsefni með heim Ef nemendur dragast aftur úr er námsefni sent heim og tölvupóstur sendur á foreldra sé þess þörf
<p>Upplýsingar um heimanám er sent í tölvupósti til foreldra eftir þörfum</p>	<p>Upplýsingar um heimanám er sent í tölvupósti til foreldra þegar við á og eru þá gefnir minnst tveir virkir dagar í frest</p>	<p>Upplýsingar um heimanám er að finna á Teams, foreldrar nota sama notendanafn og lykilorð og nemendur til að fylgjast með. Gefnir eru minnst tveir virkir dagar í frest.</p>

Starfsfólk Grunnskólans í Stykkishólmi hvetja foreldra til að nýta sér ráðleggingar Heimilis og skóla varðandi fyrirkomulag heimanáms (sjá næstu blaðsíðu).

Heimanám

Tími



Taktu frá tíma til heimalærdóms

Með því æfir þú þig í að vera sjálfstæðari og ábyrgari. Gott er að segja heimilisfólkinu hvað þér hefur verið sett fyrir og hvenær þú ætlar þér að læra. Þannig kemur þú í veg fyrir sífelldar spurningar um hvort heilmavinnu þinni sé lokið.

Skipulag



Skrifaðu í sérstaka bók hvað þú átt að læra heima

Það er góð hugmynd að skrifa hjá sér það heimanám sem kennarinn setur fyrir. Til þess eru notaðar sérstakar dagbækur eða litlar stílabækur. Þú getur líka notað bókina til að skrifa hjá þér hvað þú hefur ráðgert í frítímanum. Með því færð þú yfirsýn yfir tíma þinn og auðveldara verður að skipuleggja fram í tímann.

Vili



Trúðu á þig og þjálfðu þinn eigin vilja

Segðu við sjálfa/n þig að þú lærir ekki heima fyrir kennarann þinn eða foreldra, heldur vegna þess að þú vilt læra. Allir þurfa að leggja svoltið á sig til að ná árangri hvort sem það er í íþróttum, vinnu eða öðru námi. Þjálfðu vilja, sjálfstæði og ábyrgð til að vinnan verði eins auðvelt verk og mögulegt er. Sýndu einhverjum, sem hvetur þig til dáða, það sem þú hefur unnið.

Hlé



Taktu stutt hlé

Það er góð regla að taka stutt hlé á vinnunni. Þú getur fengið þér ferskt loft, slappað af og gert eitthvað notalegt. Dragðu andann djúpt og hreyfðu þig. Passaðu þig samt á að gleyma ekki tímanum og halda áfram að læra eftir hléið.

Staður



Veldu ákveðinn stað til að læra á

Það er góð hugmynd að læra alltaf á sama stað. Best er að velja stað þar sem þú hefur þann frið sem þú þarft. Reyndu að komast hjá því að vinna á stað þar sem umhverfið truflar þig.

Í byrjun



Það erfiðasta fyrst

Byrjaðu ávallt á þeim fögum sem eru þér erfiðust. Í upphafi eru afköstin mest og þú átt auðveldara með að sjá fyrir þann tíma sem þú þarfnast til lærdómsins.

Endurtekningar



Endurtekning er mikilvæg

Vendu þig á að fara yfir glósurnar þínar eða það sem þú hefur lesið til að vera viss um að þú munir og hafir skilið innihald þess sem þú ert að læra. Endurseguðu (gjarna upphátt) til að athuga hvort þú hafir lært efnið nægilega vel.

Notaleg stund



Hafðu notalegt í kringum þig

Það verður léttara að vinna þegar þú hefur það notalegt. Reyndu þess vegna að gera umhverfi þitt notalegt. Sjáðu til þess að þú hafir allt við hendina og að skipulag sé á skrifborðinu. Flestir vinna best þegar það er hljótt. Aðrir verða afslappaðri og vinna betur þegar þeir hlusta á tónlist.

Skynfæri



Notaðu öll skynfærin þegar þú lærir

Við notum mismunandi leiðir þegar við lærum. Sumir læra best þegar þeir lesa í hljóði, aðrir þegar þeir lesa upphátt og hlusta. Enn aðrir læra best þegar þeir hreyfa sig eða tengja námið við líti, hljóð og lykt. Reyndu að finna út hvernig þú lærir best. Þá verður heilmavinnan bæði léttari og skemmtilegri.

Hreysti



Lifðu heilbrigðu lífi og haltu þér í formi

Það er þitt að ákveða hvort þú lifir heilbrigðu lífi. Það mikilvægasta er að þú fái nægan svefn og að þú borðir hollan mat reglulega. Staðgóður morgunverður og hollt nesti hjálpa til við að gefa þér þann kraft sem þú þarfnast yfir daginn. Hreyfing eykur velliðan og heldur þér í formi - hvort sem þú æfir íþróttir eða ferð í gönguféðir.



Heimili og skóli

Landssamtök foreldra